

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

686. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. mars 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Hæðarinnar á Höfðabraut ehf.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram aðalfundarboð Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. sem haldinn verður í fjarnámsstofunni að Höfðabraut 6 miðvikudaginn 16. mars n.k. kl 16.00 Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. febrúar s.l. um XXV. landsþing sambandsins sem haldið verður 25. mars n.k. á Hilton Nordica hóteli í Reykjavík kl. 9:30 og ársfund Lánasjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður á sama stað að loknu landsþingi.
3. Lagt fram aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf. sem haldinn verður á Vertanum á Hvammstanga miðvikudaginn 16. mars n.k. kl 14:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
Samþykkt að taka á dagskrá
4. Sveitarstjóri skýrði frá fyrirhuguðum vinnufundi um markaðssetningu Húnaþings vestra sem halda á laugardaginn 19. mars n.k. í Félagsheimilinu Hvammstanga kl 10:00-15:00
5. Lagt fram bréf Þjóðskrár Íslands um þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin verður laugardaginn 9. apríl 2011. Þar kemur fram að menn verða á kjörskrá þar sem þeir eru skráðir með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 19. mars 2011.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:25

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Pétur R. Arnarsson

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari